

Heilsuleikskólinn Háaleiti

Þjálfun félags-og tilfinningaþroska barna á aldrinum 4-6 ára.

Lokaskýrsla-Sprotasjóðsstyrkur

Þóra Sigrún Hjaltadóttir
2.des.2012

Þjálfun félags- og tilfinningaþroska barna á aldrinum 4-6 ára – Lokaskýrsla

Heilsuleikskólinn Háaleiti

Verkefnastjóri: Þóra Sigrún Hjaltadóttir

Markmið

Markmiðið með verkefninu var að auka félags- og tilfinningaþroska barna með kennsluefninu „Stig af stigi“. Námsefnið var notað markvisst einu sinni til tvisvar í viku með öllum börnum í tveimur elstu árgöngunum.

Leiðir

Í upphafi verkefnisins var haldið námskeið fyrir alla starfsmenn skólans á skipulagsdegi og kennsluefnið keypt.

Síðan voru skipulagðar stundir fyrir 6-8 barna hópa einu sinni til tvisvar í viku með kennara, þar sem kennsluefnið var notað.

Einnig voru áherslur kennsluefnisins notaðar í daglegum samskiptum við nemendur.

Senda átti nýja starfsmenn á námskeið kennsluefnisins.

Frávik áætlunar

Nýir starfsmenn hafa ekki verið sendir á námskeið þar sem við vildum eingöngu senda tilvonandi framtíðarstarfsmenn og hingað til hefur ekki verið um slíka endurnýjun að ræða. Eins hefur gengið illa að fá svör frá RV-ráðgjöf, sem sjá um að halda námskeiðin, en það hefur þó ekki komið að sök ennþá þar sem flestirþeirra kennara sem sóttu námskeiðið upphaflega eru enn í húsinu.

Að auki tók verkefnastjórinn við starfi skólastjóra á tímabilinu og fluttist framkvæmdin þá meira á deildarstjórana.

Helstu hindranir

Starfsumhverfi leikskólans er þess eðlis að barnahópurinn tekur breytingum nánast í hverjum mánuði og þá reynist oft erfitt að byggja ofan á þann grunn sem búið var að leggja og því krafist mikillar upprifjunar og endurtekningar.

Mat á verkefninu

Verkefnið hjálpar nemendum við að þekkja eigin tilfinningar og takast betur á við þær. Þjálfun félags- og tilfinningaþroska er mjög mikilvæg fyrir nemendur skólans, ekki síst vegna óstöðugleika svæðisins og þess að margir nemenda eru í ójafnvægi þegar þeir byrja hjá okkur og því mikilvægt að gefa þeim tæki til þessarar jákvæðuúrvinnslu tilfinninga sinna.

Við munum halda þessum stundum áfram inni í skipulagi okkar, þ.e. að fara í efnið með kennara einu sinni til tvisvar í viku.

Niðurstöður

Verkefnið er mjög mikilvægt í skólaumhverfi okkar og er komið til að vera.

Það er engu að síður frekar erfitt að segja til um það hvort að félags- og tilfinningaþroski allra barnanna hafi eflst við þetta þar sem börnin eru oft stuttan tíma í okkar umsjá og mikil rót á barnahópnum. Við sjáum hins vegar þann mun að þau börn sem eru búin að vinna með kennsluefninum í eitt ár eiga auðveldara með að tjá sig um tilfinningar og líðan og velja síður neikvæða hegðun í samskiptum sínum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Slík áætlun hefur ekki verið gerð enn sem komið er, þar sem við teljum það hvorki áreiðanlegt né tímabært í ljósi óstöðugleika barnahópsins.

Dags. 8/1 2013

bóraSigrunHjaltadóttir

Undirskrift verkefnistjóra og skólastjóra